

Formaður Geðhjálpar:
**Eru gíslar
starfsfólks**

„Skjólstæðingar okkar eru eins konar gíslar starfsfólks stuðningsþjónustunnar,“ sagði Eyðis Sveinbjarnardóttir. Hún sagði starfsfólk-ið hafa hrært upp í skjólstæðingun-um og æst þá upp í því óvissu-ástandi sem nú ríkti innan Geð-hjálpar. Þess sæi hún ýmis merki – og nýr formaður yrði að taka á mál-efnum starfsfólksins sem þetta gerði. Sjálf hefði hún tekið ákvörð-un um að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. „Deilurnar innan Versl-unarmannafélagsins tengjast okkur ekkert, enda er það eins og hver önnur tilviljun að sonur Magnúsar hafi sagt eiginkonu Péturs Maack upp störfum.“ -sbs